

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/14/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.722 - Téneo/Merill Lynch/Bankers Trust).....	01
96/EES/14/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.729 - GEC Alsthom/Tarmac/Central IMU).....	02
96/EES/14/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.731 - Kværner/Trafalgar).....	02
96/EES/14/04	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.732 - Nordic Capital/Euroc).....	03
96/EES/14/05	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.738 - Natwest/Schroder/Sheffield).....	04
96/EES/14/06	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.694 - SKF/INA/WPB).....	04
96/EES/14/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.707 - Toro Assicurazioni/Banca di Roma).....	05

96/EES/14/08	Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt.....	05
96/EES/14/09	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 34/93 - Írland.....	06
96/EES/14/10	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 10/94 (ex NN 126/93) - Grikkland.....	06
96/EES/14/11	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 49/95 - Þýskaland.....	06
96/EES/14/12	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 50/95 - Austurríki.....	07
96/EES/14/13	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 51/95 - Austurríki.....	07
96/EES/14/14	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 32/94 - Þýskaland.....	07
96/EES/14/15	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 56/95 - Spánn.....	08
96/EES/14/16	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð samkvæmt lágmarksreglunni.....	08
96/EES/14/17	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki.....	08
96/EES/14/18	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Breytingar franskra yfirvalda á ákvæðum um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands.....	09
96/EES/14/19	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Parísar (Orly) og Saint-Brieuc.....	10
96/EES/14/20	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Parísar (Orly) og Le Puy en Velay (Loudes).....	10
96/EES/14/21	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Dijon og Lundúna (Heathrow/Gatwick/Stansted/City Airport).....	11
96/EES/14/22	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Dijon og Lille.....	11
3. Dómstóllinn		
96/EES/14/23	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	12
96/EES/14/24	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	14

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.722 - Téhoe/Merill Lynch/Bankers Trust)

96/EES/14/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. 3. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækin Téhoe S.A., Merill Lynch Europe PLC og Bankers Trust Foreign Investment Corporation öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yferráð yfir Andes Holding B.V., nýstofnuðu fyrirtæki sem fer með yferráð yfir Aerolineas Argentinas Group.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Téhoe: Orka, flugsamgöngur, flugiðnaður, verkfræði- og byggingarstarfsemi, ál, sellulósi, flutningar á sjó o.s.frv., einkum á Spáni,
 - Merill Lynch and Bankers Trust: Bankastarfsemi og fjármálaþjónusta,
 - Aerolineas Argentinas: Flugsamgöngur.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 81, 19. 3. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.722 - Téhoe/Merill Lynch/Bankers Trust, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(¹) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.729 - GEC Alsthom/Tarmac/Central IMU)**

96/EES/14/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. 3. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækin GEC Alsthom Limited (GEC Alsthom) og Tarmac Construction Limited (Tarmac) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir Central Infrastructure Maintenance Company Limited (Central IMU).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - GEC Alsthom: Orkumál, flutningar og tengd starfsemi,
 - Tarmac: Byggingarstarfsemi, mannvirkjagerð, véla- og rafmagnsverkfræði og verksmiðjur,
 - Central IMU: Viðhald á járnbrautamannvirkjum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 86, 23. 3. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.729 - GEC Alsthom/Tarmac/Central IMU, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.731 - Kværner/Trafalgar)**

96/EES/14/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. 3. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækið Kværner AS öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Trafalgar House Plc með yfirtökubóði sem tilkynnt var um 4. mars 1996.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Kværner: Skipasmíðar, olú- og gasstöðvar, vélaverkfræði, búnaður til að framleiða trjákvöðu,
 - Trafalgar: Olú- og gasstöðvar, vélaverkfræði, byggingarstarfsemi, verslunar- og íbúðarhúsnæði, farþegaskip.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 83, 20. 3. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.731 - Kværner/Trafalgar, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.732 - Nordic Capital/Euroc)

96/EES/14/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. 3. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækin Atle AB, Investment AB Bure („Bure”) Allmänna Pensionsfonden 4:e fondstyrelsen („4:e”), Handelsbanken Livförsäkringsbolag (undir yfirlit Svenska Handelsbanken - „SH”), Livförsäkringsaktiebolaget Skandia (undir yfirlit Forsäkringsaktiebolaget Skandia - „Skandia”) og Swedetch Ltd. (áður í eigu Atle AB) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirlit yfir Euroc Bygghandel AB.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Atle AB: Fjárfestingarstarfsemi,
 - Bure: Fjárfestingarstarfsemi og eftirlit með ýmsum fyrirtækjum á sviði heilsugæslu,
 - 4:e: Lífeyrissjóður í ríkiseigu sem einkum annast fjárfestingar og fjármálastjórnun,
 - SH: Bankastarfsemi, fjárfestingar og líffryggingar,
 - Skandia: Líf- og skaðatryggingar, jafnframt fjármálaþjónusta,
 - Euroc Bygghandel: Sala á byggingarvörum (viði, gólfteppum o.s.frv.) og járnvörum (tæki o.s.frv.) til byggingarféлага og almennings.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 85, 22. 3. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.732 - Nordic Capital/Euroc, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.738 - Natwest/Schroder/Sheffield)****96/EES/14/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. 3. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækin Natwest Ventures sem tilheyrir Natwest-samstæðunni og Schroder Ventures sem tilheyrir Schroders-samstæðunni öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir Sheffield Forgemasters Limited (SFL) í útboði auglýstu þann 18. 3. 1996.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Natwest Ventures: Stjórnun á áhættufjármagni og framkvæmdasjóðum,
 - Schroder Ventures: Stjórnun og ráðgjafþjónusta í tengslum við uppkaupsfé og áhættufé,
 - SFL: Framleiðsla og sala á stálvörum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 89, 26. 3. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.738 - Natwest/Schroder/Sheffield, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.694 - SKF/INA/WPB)****96/EES/14/06**

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. 2. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmst hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.707 - Toro Assicurazioni/Banca di Roma)**

96/EES/14/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. 3. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmduist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem
framkvæmdastjórnin hefur birt**

96/EES/14/08

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir og tilskipanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. júlí 1995 þar sem því er lýst yfir að samfylking samrýmist ekki sameiginlega markaðinum og framkvæmd EES-samningsins (Mál nr. IV/M.490 - Nordic Satellite Distribution) (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 53, 2. 3. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. janúar 1996 um málsmeðferð samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins (Mál nr. IV/35.545 - LH/SAS) (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 54, 5. 3. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. janúar 1996 um kröfur um dýraheilbrigði og dýraheilbrigðisvottorð vegna innflutnings á nautgripum og svínum frá Lýðveldinu Slóvakíu (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 59, 8. 3. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. janúar 1996 um kröfur um dýraheilbrigði og dýraheilbrigðisvottorð vegna innflutnings á nautgripum og svínum frá Lýðveldinu Tékklandi og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/324/EBE (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 59, 8. 3. 1996).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/4/EB frá 16. febrúar 1996 um breytingu á tilskipun 91/321/EBE um ungbarnablöndur og stoðblöndur (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 49, 28. 2. 1996).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB frá 16. febrúar 1996 um blöndur úr korni og annan mat fyrir kornabörn og smábörn (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 49, 28. 2. 1996).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/6/EB frá 16. febrúar 1996 um breytingu á tilskipun ráðsins 74/63/EBE um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í dýrafæðu (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 49, 28. 2. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. febrúar 1996 um kröfur um dýraheilbrigði og heilbrigðisvottorð vegna innflutnings á nýju alifuglakjöti frá Sviss (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 55, 6. 3. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. febrúar 1996 um breytingu á ákvörðun 95/357/EB um gerð skrár yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar hvað varðar eftirlit dýralækis með afurðum og dýrum frá þriðju löndum, nákvæmar reglur varðandi eftirlit sérfræðinga bandalagsins í dýralækningum og um niðurfellingu á ákvörðun 94/24/EB (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 59, 8. 3. 1996).

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. febrúar 1996 um aðra breytingu á ákvörðun 95/33/EB um viðurkenningu á ákveðnum þáttum í finnsku áætluninni um framkvæmd 138. til 140. gr. í lögnum um aðildarskilmála fyrir Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Finnland og Konungsríkið Svíþjóð (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 60, 9. 3. 1996).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. febrúar 1996 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 51, 1. 3. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 22. febrúar 1996 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/24/EBE og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðbótarábyrgðir vegna Aujeszky-veiki í svínunum sem á að senda til þýskra svæða sem eru laus við veikina (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 60, 9. 3. 1996).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB frá 26. febrúar 1996 um orkusnauð matvæli fyrir fólk í megrun (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 55, 6. 3. 1996).

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 34/93
Írland

96/EES/14/09

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að andmæla ekki greiðslu á þriðja hluta ríkisstyrksins til flugfélagsins Aer Lingus þar sem hún telur að þessi aðstoð samrýmist sameiginlega markaðinum samkvæmt c-lið 3. mgr. 92. gr. í EB-sáttmálanum. Aðstoðin miðar að því að fjármagna endurskipulagningu á flugfélaginu Aer Lingus til að rétta við fjárhagsstöðu þess og nær hún yfir þriggja ára tímabil sem lýkur 31. desember 1996 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 70, 8. 3. 1996).

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 10/94 (ex NN 126/93)
Grikkland

96/EES/14/10

Framkvæmdastjórnin hefur í samræmi við 10. gr. tilskipunar ráðsins 90/684/EBE ákveðið að ljúka málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð sem Grikkland ákvað 1991 að veita skipasmíðastöðinni Neorion Shipyard í formi skuldaafskrifta að upphæð 16,5 miljarðar GDR (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 68, 6. 3. 1996).

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 49/95
Þýskaland

96/EES/14/11

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð sem Sambandslýðveldið Þýskaland áformar að veita Brandenburg vegna fjárfestingarverkefna í Póllandi (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 71, 9. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities
Rue de la Loi 200
B-1040 Brussel

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 50/95
Austurríki

96/EES/14/12

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð sem Austurríki áformar að veita vegna ERP-áætlunarinnar í tengslum við alþjóðavæðingu austurrískra fyrirtækja (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 71, 9. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtíð. EB, við:

Commission of the European Communities
Rue de la Loi 200
B-1040 Brussel

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Austurríki.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 51/95
Austurríki

96/EES/14/13

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð sem Austurríki áformar að veita vegna ERP-áætlunarinnar í tengslum við alþjóðavæðingu austurrískra fyrirtækja í Austur-Evrópu (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 71, 9. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtíð. EB, við:

Commission of the European Communities
Rue de la Loi 200
B-1040 Brussel

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Austurríki.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 32/94
Þýskaland

96/EES/14/14

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð Þýskalands við fyrirtækið Raiffeisen Hauptgenossenschaft Nord AG, Kiel, vegna tilraunaframleiðslu á metýlesterum úr repjuolíu (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 76, 16. 3. 1996).

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 56/95
Spánn

96/EES/14/15

Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við grein 5a í sjöundu tilskipun ráðsins um aðstoð til skipasmíða (90/684/EBE), samþykkt aðstoð til að bæta upp tap á skipasmíðastöð í ríkiseigu á Spáni. Á sama tíma hefur hún ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 93 gr. EB-sáttmálans hvað varðar fyrirhugaðar skattaávilnanir í framtíðinni (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 75, 15. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities
Rue de la Loi 200
B-1040 Brussel

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Spán.

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð samkvæmt 96/EES/14/16
lágmarksreglunni

Framkvæmdastjórnin birti auglýsingu í Stjtið. EB nr. C 68, 6. 3. 1996 um breytingu á ríkisaðstoð samkvæmt lágmarksreglunni. Ljóst er að frá því að framkvæmdastjórnin kom á lágmarksreglunni árið 1992 hefur hún ekki tekið til aðstoðarráðstafana nema þær ógni samkeppni og viðskiptum milli aðildarríkjanna að einhverju marki. Því hefur framkvæmdastjórnin ákveðið að breyta reglunni um lágmarksaðstoð (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 96/EES/14/17
Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska aðstoðaráætlun vegna tilraunaverkefna sem taka mið af umhverfisþáttum við byggðarskipulag, ríkisaðstoð nr. N 682/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 70, 8. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenskan styrk að upphæð 13.378.750 HFL til DAF Trucks NV vegna hagnýtra rannsókna og þróunar á vélum með lág útblástursmörk (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 70, 8. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danska aðstoðaráætlun um að bæta niðurgreidda húsnæðiskerfið í Danmörku (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 70, 8. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvæði í hollensku löggjöfinni um niðurgreiðslu á orkuskatti fyrir þá sem nota litla orku, ríkisaðstoð nr. N 760/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 70, 8. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska björgunaraðstoð vegna fyrirtækisins Wilhelm Stoll Maschinenfabrik GmbH, ríkisaðstoð nr. N 805/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 70, 8. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska björgunaraðstoð vegna fyrirtækisins Graaff GmbH, ríkisaðstoð nr. N 846/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 70, 8. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska aðstoðaráætlun vegna þróunar, í tengslum við EU 95-HDTV-verkefnið, á sérstakri gerð af stafrænni sjónvarps- og háskerpusjónvarpstækni hvað varðar framleiðslubúnað, sendingarbúnað og neytendavörur á grundvelli DVB-forskrifta sem hefði í för með sér umtalsverða kostnaðarlækkun, ríkisaðstoð nr. NN 130/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 70, 8. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun um að efla ferðamannaiðnaðinn, ríkisaðstoð nr. N 1026/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 70, 8. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýskan umhverfisstyrk til fyrirtækisins Audi AG, ríkisaðstoð nr. NN 109/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 70, 8. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska björgunar- og endurskipulagningaraðstoð í þágu fjármálafyrirtækisins Comptoir des Entrepreneurs, ríkisaðstoð nr. NN 193/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 70, 8. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að andmæla ekki framlengingu á spænskum ráðstöfunum vegna endurskipulagningar á markaðinum fyrir flutninga á vegum sem voru samþykktar 15. 4. 1993 undir tilvísunarnúmerinu N 564/92 á grundvelli c- og d-liðar í 3. gr. reglugerðar ráðsins nr. 1107/70 þar til 31. júlí 1996, ríkisaðstoð nr. N 1041/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 70, 8. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska aðstoðaráætlun vegna þjálfunar og starfsmenntunar og aðra franska áætlun (FNIC) um styrki vegna starfsþjálfunar sem fram fer á handverkstæðum, ríkisaðstoð nr. NN 44/93 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 72, 12. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt finnska aðstoðaráætlun vegna breytinga á endurskipulögðum svæðum („Rakennemuutosalueet”), ríkisaðstoð nr. N 1001/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 72, 12. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skattatengda áætlun sem Frakkland fylgdi á tímabilinu 1990-1994, ríkisaðstoð nr. NN 18/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 72, 12. 3. 1996).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt
a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

96/EES/14/18

**Breytingar franskra yfirvalda á ákvæðum um skyldu til að veita
opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands**

Frönsk yfirvöld hafa ákveðið að breyta ákvæðum um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á flugleiðum milli Parísar (Orly) og Brive sem birtust í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 284, frá 28. október 1995, samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 57, 27. 2. 1996).

Rekstur áætlunarflugleiða**96/EES/14/19****Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Parísar (Orly) og Saint-Brieuc**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Parísar (Orly) og Saint-Brieuc. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 350, 30. 12 1995 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 67, 5. 3. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku, þar sem pósthimpill gildir sem sönnun fyrir sendingu eða afhent persónulega gegn kvittun eigi síðar en einum mánuði og í síðasta lagi fimm vikum eftir birtingu í Stjttíð. EB fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Conseil General des Cotes d'Armor
Service des Transports, des Routes et du Patrimoine
3, place Général de Gaulle
BP 2373
F-22023 Saint-Brieuc

Rekstur áætlunarflugleiða**96/EES/14/20****Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Parísar (Orly) og Le Puy en Velay (Loudes)**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Parísar (Orly) og Le Puy en Velay (Loudes). Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 227, 1. 9. 1995 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 67, 5. 3. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku, þar sem pósthimpill gildir sem sönnun fyrir sendingu eða afhent persónulega gegn kvittun eigi síðar en einum mánuði og í síðasta lagi fimm vikum eftir birtingu í Stjttíð. EB fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Association de l'Aérodrome Départemental
Le Puy en Velay Loudes
Aérodrome de Loudes
F-43320 Loudes

Rekstur áætlunarflugleiða**96/EES/14/21****Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Dijon og Lundúna (Heathrow/Gatwick/Stansted/City Airport)**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Dijon og Lundúna. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 240, 15. 9. 1995 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 67, 5. 3. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku, þar sem pósthimpill gildir sem sönnun fyrir sendingu eða afhent persónulega gegn kvittun eigi síðar en einum mánuði og í síðasta lagi fimm vikum eftir birtingu í Stjtið. EB fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Chambre de Commerce et d'Industrie de Dijon
Direction Aménagement
1, place du Théâtre
BP 370
F-21010 Dijon

Rekstur áætlunarflugleiða**96/EES/14/22****Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Dijon og Lille**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Dijon og Lille. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 240, 15. 9. 1995 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 67, 5. 3. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku, þar sem pósthimpill gildir sem sönnun fyrir sendingu eða afhent persónulega gegn kvittun eigi síðar en einum mánuði og í síðasta lagi fimm vikum eftir birtingu í Stjtið. EB fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Chambre de Commerce et d'Industrie de Dijon
Direction Aménagement
1, place du Théâtre
BP 370
F-21010 Dijon

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

96/EES/14/23

Dómur dómstólsins frá 16. janúar 1996 í máli C-130/91 REV II: ISAE/VP (Instituto Social de Apoio ao Emprego e à Valorização Profissional) o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (beiðni um endurupptöku - beiðni vísað frá).

Dómur dómstólsins frá 14. desember 1995 í sameinuðum málum C-430/93 og C-431/93 (beiðni um forúrskurð frá Hoge Raad der Nederlanden): Jeroen van Schijndel og Johannes Nicolaas Cornelis van Veen gegn Stichting Pensioenfonds voor Fysiotherapeuten (lífeyrissjóður starfsmanna meðhöndlaður sem fyrirtæki - skyldubundin aðild að lífeyrissjóði starfsmanna - samrýmanleiki við samkeppnisreglur - spurning hvort hægt sé að taka atriði í bandalagslögum fyrir í fyrsta sinn þegar mál er komið fyrir hæstarétt, þannig að það hafi í för með sér breytingu á málsmeðferð og rannsókn á málsatvikum).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 11. janúar 1996 í máli C-480/93 P: Zunis Holding SA o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfrýjun - samkeppni - eftirlit með samruna fyrirtækja - skilyrði fyrir málshöfðun til ógildingar úrskurði um að vísa frá beiðni um endurupptöku máls).

Dómur dómstólsins (fjórða deild) frá 14. desember 1995 í sameinuðum málum C-106/94 og C-139/94 (beiðni um forúrskurð frá Cour d'Appel, Bourge (Frakklandi) og Tribunal de Grande Instance, París): sakamál á hendur Patrick Colin og Daniel Dupré (endurgreiðsla á sykursóttum við framleiðslu á tilteknum kemískum vörum - hálstöflur - hressandi drykkjarvörur - tollflokkun).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 14. desember 1995 í máli C-162/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi (vanefnd skuldbindinga - tilskipun 89/662/EBE - dýraheilbrigðiseftirlit - vanræksla á að taka lög bandalagsins upp í landslög).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 11. janúar 1996 í máli C-273/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Hollandi (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - skylda að tilkynna aðgerðir fyrirfram samkvæmt tilskipun 83/189/EBE).

Dómur dómstólsins (fjórða deild) frá 18. janúar 1996 í máli C-276/94 (beiðni um forúrskurð frá Kriminal- og Skifteret i Frederikshavn): Sakamál á hendur Finn Ohrt (skilgreining á skipum sem annast fiskveiðieftirlit - skyldur skipstjóra á skipi sem taka á til skoðunar).

Fyrirmæli dómstólsins (fyrsta deild) frá 11. janúar 1996 í máli C-89/95 P: Mr D gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfrýjun vísað frá sem örökstuddri).

Mál C-389/95: Beiðni um forúrskurð frá Diikitiko Protodikio (stjórnsýsludómstóll á fyrsta dómstigi), Thessaloniki, samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 28. febrúar 1995 í máli Sigfried Klattner gegn gríska ríkinu.

Mál C-397/95 P: Áfrýjað var þann 18. desember 1995 af Dimitrios Coussios úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fjórða deild) sem kveðinn var upp þann 11. október 1995 í máli T-302/94 milli Dimitrios Coussios og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-399/95: Mál höfðað þann 21. desember 1995 af Sambandslýðveldinu Þýskalandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Sjá Stjttíð. EB nr. C 77, 16. 3. 1996.

Mál C-3/96: Mál höfðað þann 5. janúar 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Hollandi.

Mál C-5/96: Mál höfðað þann 11. janúar 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-17/96: Beiðni um forúrskurð frá Bundesverwaltungsgericht samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 31. ágúst 1995 í máli Badische Erfrischungs-Getränke GmbH & Co. KG gegn Land Baden-Württemberg.

Mál C-18/96: Mál höfðað þann 19. janúar 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-19/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal du Travail, Nivelles, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 16. janúar 1996 í máli Vito Casano gegn 1) Institut National d'Assurance Maladie Invalidité og 2) Union Nationale des Mutualités Libres.

Mál C-20/96: Beiðni um forúrskurð frá Social Security Commissioner samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 17. janúar 1996 í máli Kelvin Albert Snares gegn Adjudication Officer.

Mál C-24/96 og C-25/96: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Roma - Sezione Distaccata di Tivoli, samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 10. janúar 1996 í sakamáli á hendur Vittorio Ianilli og Francesco Cannizzaro.

Mál C-26/96: Beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht Hamburg, samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 10. janúar 1996 í máli Rotexchemie International Handels GmbH & Co. gegn Hauptzollamt Hamburg-Waltershof.

Mál C-28/96: Beiðni um forúrskurð frá Supremo Tribunal Administrativo (önnur deild - skattamál), samkvæmt dómi þess dómstóls frá 4. október 1995 í máli Fazenda Pública gegn Fricarnes SA.

Mál C-29/96: Beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice in Northern Ireland, Queen's Bench Division (Crown Side), samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 29. nóvember 1995 í máli Norbrook Laboratories Ltd gegn Ministry of Agriculture, Fisheries and Food.

Mál C-211/94 tekið af málaskrá: (Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Grande Instance de Caen): Sakamál á hendur Dominique Luback.

Mál C-263/94 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Hollandi.

Mál C-316/94 tekið af málaskrá: (Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Commerce de Bruxelles): Belgíska ríkið gegn Turner International Sales Ltd og Coditel Brabant SA.

Mál C-108/95 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-162/95 tekið af málaskrá: (Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Police de Nancy): Sakamál á hendur Philippe Baumert og Jean Loup Dirlor.

Mál C-252/95 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 96/EES/14/24

Mál T-218/95: Mál höfðað þann 1. desember 1995 af Azienda Agricola "Le Canne" S.r.l. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-219/95: Mál höfðað þann 2. desember 1995 af Marie-Thérèse Danielsson, Pierre Largeteau og Edwin Haoa gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-230/95: Mál höfðað þann 18. desember 1995 af Bretagne Angleterre Irlande (B.A.I.) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-231/95: Mál höfðað þann 19. desember 1995 af SIC - Sociedade Independente de Comunicação, SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-12/96: Mál höfðað þann 25. janúar 1996 af Area Cova, S.A. o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og ráði Evrópusambandsins.

Mál T-14/96: Mál höfðað þann 1. febrúar 1996 af Société Bretagne Angleterre Irlande (B.A.I.) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-197/94 tekið af málaskrá: Schöller Lebensmittel GmbH & Co. KG gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-92/95 tekið af málaskrá: Tiziano Boggian gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Sjá Stjóttíð. EB nr. C 77, 16. 3. 1996.